

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 488/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnari Briem

(Páll A. Pálsson hrl.)

Eignaspjöll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. nóvember 1993. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en ákærði krefst sýknu af refsikröfu í málinu ásamt því, að skaðabóta-kröfu verði vísað frá dómi.

Ákærði er sakaður um að hafa valdið spjöllum á bifreið fyrrum eiginkonu sinnar, þegar hann gekk fram með bifreiðinni, þar sem hún stóð fyrir framan heimili hans, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Eru spjöllin talin fólgin í tveimur rispum, um 15-20 cm löngum, sem komið hafi á hægra afturbretti bifreiðarinnar, þegar hann hafi slegið í hana. Konan kærði atvikið til lögreglu 8 dögum síðar. Sá lögreglumaður þá þessar rispur, en enga dæld á brettinu. Hún leitaði aftur til lögreglu rúmum 6 vikum seinna og hafði áður fengið skoðunarmann váttryggingafélags til að meta tjónið af rispunum. Var málið þá borið upp við ákærða og hann kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa rekið fótinn utan í bifreiðina á leið fram hjá henni, en alls ekki slegið í hana.

Ekki var unnt að ganga úr skugga um, hvort rispur á bifreiðinni væru nýjar, þegar hafist var handa um að tryggja sannanir um það atferli, sem hér er ákært fyrir. Jafnframt geyma frásagnir af atvikinu ekki beina vísbendingu um, að bifreiðin hafi getað rispast, þegar ákærði kom við hana, heldur eru þær þess efnis, að snöggt högg hafi komið á afturbrettið. Að svo vöxnu máli er ekki fram komin næg sönnun þess, að ákærði hafi framið þann verknað, sem honum er

gefinn að sök, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber þannig að sýkna hann af kröfum ákærvaldsins.

Eftir þessum úrslitum verður kröfu um skaðabætur vegna tjóns á bifreiðinni vísað frá dómi. Jafnframt verður sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður felldur á ríkissjóð, svo sem á er kveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Briem, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Skaðabótakröfu í málinu er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 45.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. september 1993.

Ár 1993, föstudaginn 17. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-380/1993: Ákærvaldið gegn Gunnari Briem, sem tekið var til dóms hinn 2. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 21. júní 1993, á hendur Gunnari Briem, kt. 250451-3429, Hraunbæ 56, Reykjavík, „fyrir eignaspjöll með því að hafa þriðjudaginn 30. mars 1993 slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar YK-472, sem stóð fyrir utan Hraunbæ 56, með þeim afleiðingum að brettið rispaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu gerir Sigríður R. J. Briem, eigandi bifreiðarinnar YK-472, kröfu um að ákærða verði gert að greiða sér 14.318 krónur í skaðabætur.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Þann 7. apríl sl. kom Sigríður R. J. Briem, Jöklaseli 3, Reykjavík, í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þeirra erinda að kæra fyrrum eiginmann sinn, Gunnar Briem, vegna þess að hann hefði valdið skemmdum á bifreið hennar þann 30. mars sl.

Kærandi skýrði svo frá að hún hefði lagt bifreið sinni, YK-472, Toyota, árgerð 1991, fyrir framan heimili ákærða að Hraunbæ 56. Sonur þeirra, Árni,

hefði verið nýkominn inn í bifreiðina, þegar ákærði hefði komið akandi í hvítri bifreið, lagt henni fyrir aftan bifreið hennar, farið rakleiðis út úr bifreiðinni, gengið að bifreið hennar og slegið í hlið hennar, nánar tiltekið hægra afturbretti, líklega með bíllykli, því að bifreiðin hefði rispast við höggið. Þegar þetta gerðist hefði hún setið undir stýri bifreiðar sinnar. Krafdíst kærandi þess að ákærða yrði refsað fyrir verknaðinn.

Lögreglumaður sá, sem skráði skýrsluna eftir kæranda, skoðaði skemmdirnar og reyndust vera tvær rispur ofarlega á hægra afturbretti, á að giska 15-20 cm langar.

Ákærði hefur lýst sig saklausan af ákærinni. Hann kvaðst þó muna að dag einn seinni part sl. vetrar hefði hann komið akandi að Hraunbæ 56 og lagt bifreiðinni fyrir aftan bifreið af gerðinni Toyota í eigu fyrrum eigin konu sinnar. Kvaðst hann hafa farið út úr bifreiðinni, gengið fram hjá bifreið Sigríðar og þá rekist utan í hægra afturhorn hennar. Að svo búnu hefði hann gengið inn í stigahúsið. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt því athygli hvort nokkur væri inni í bifreið Sigríðar, en hann hefði veitt því athygli, að sonur hans hefði verið að koma út úr stigahúsinu og gengið að bifreið Sigríðar. Giskaði ákærði á, að hann hefði lagt bifreiðinni u.þ.b. 1-1,5 metrum fyrir aftan bifreið Sigríðar.

Vitnið Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir Briem hefur skýrt svo frá að í hádeginu umræddan dag hafi hún ekið að Hraunbæ 56 í þeim erindagjörðum að sækja þangað Árna, son þeirra ákærða. Kvaðst hún hafa lagt bifreiðinni framan við innganginn að stigahúsinu og beðið þess að Árni kæmi út í bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa séð hvíta Toyotabifreið koma akandi og nema staðar rétt fyrir aftan bifreið hennar. Hefði ákærði komið út úr þeirri bifreið, gengið á milli bifreiðanna og barið í hægra afturbretti bifreiðar hennar, en því næst gengið rakleiðis inn í stigahúsið. Kvað vitnið þetta hafa gerst mjög snögg, en þegar ákærði var að slá í bifreiðina hefði Árni verið að setjast inn í hana. Kvaðst vitnið engin orðaskipti hafa átt við ákærða, en ekið á brott þegar í stað. Hefði hún ekið að Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, og þar hefði hún orðið þess áskynja að tvær mjóar rispur voru á hægra afturbretti bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða slá utan í bifreiðina. Hefði höggið verið snögg en ekki þungt.

Vitnið Árni Briem skýrði svo frá, að greint sinn hefði hann verið að koma út úr stigahúsinu að Hraunbæ 56. Hefði hann sest inn í bifreið móður sinnar, sem lagt hefði verið fyrir framan innganginn í stigahúsið. Kvaðst hann hafa verið nýsestur inn í bifreiðina, þegar hvít Toyotabifreið hefði komið akandi og numið staðar rétt fyrir aftan bifreið móður hans. Út úr þeirri bifreið hefði faðir hans komið. Hefði hann gengið á milli bifreiðanna

og engum togum skipt, að hann hefði slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar YK-472, en að svo búnu gengið inn í stigahúsið. Kvaðst vitnið hafa séð þegar faðir hans sló í hægra afturbrettið. Þetta hefði verið eitt snöggt högg. Hefði öll þessi atburðarás verið mjög hröð. Móðir vitnisins hefði setið undir stýri bifreiðarinnar og ekið þegar í stað á brott. Næst þegar bifreiðin var stöðvuð, hefði sá staður, sem ákærði hafði slegið í bifreiðina, verið athugaður, og kvaðst vitnið þá hafa séð að á þeim stað var bifreiðin rispúð, en hve margar rispurnar voru kvaðst vitnið ekki muna.

Niðurstaða.

Vitnin Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir Briem og Árni Briem eru samsaga um að ákærði hafi slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar YK-472 svo sem nánar er lýst í ákæru. Er framburður þeirra samhljóða um þetta atriði og ekkert það fram komið í málinu sem veikir hann. Telur dómurinn samkvæmt framansögðu nægilega sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið í hægra afturbretti framangreindrar bifreiðar. Í ákæru eru afleiðingar höggins tilgreindar þær, að brettið hafi rispast. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að jafnvel þótt sannað þætti, að ákærði hefði slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar, hefðu afleiðingar þess ekki getað orðið þær, að brettið hefði rispast, þar sem til þess hefði ákærði þurft að hafa eitthvert áhald í höndunum. Þá hlutu vitnin að hafa heyrt ef eitthvert slíkt áhald hefði verið dregið eftir brettinu. Þetta leiði til þess að sýkna beri ákærða.

Þótt koma hefði mátt fram með skýrari hætti við rannsókn og meðferð málsins hvernig ákærði bar sig að þá er hann sló utan í bifreiðina YK-472 greint sinn, þykir þó ekki varhugavert að telja sannað, að afleiðingar þess, að ákærði sló utan í bifreiðina, hafi verið þær, sem í ákæru greinir. Hefur ákærði með framanlýstri háttsemi sinni brotið gegn og unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem áður er að vikið gerir Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir Briem kröfu um að ákærði greiði henni kr. 14.318 í skaðabætur. Ákærði mótmælir kröfunni. Bótakrafan byggist á áætluðum viðgerðarkostnaði samkvæmt mati tjónskoðunarstöðvar tryggingafélags og sundurliðast þannig:

Afturbretti, hægra	kr. 10.000,00
Málningarklefi	kr. 1.500,00

1202

Virðisaukaskattur	kr. 2.818,00
Samtals	kr. 14.318,00

Bótakröfunni þykir í hóf stillt og verður hún tekin til greina eins og hún er fram sett.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Briem, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði Sigríði Ragnheiði Jónsdóttur Briem, kt. 260851-3149, 14.318 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.
